Alþingi
Erindi nr. Þ 123/164
komudagur 16.11.1998

**LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK**
Hverfisgötu 115 – Sími 569 9000 – Telefax 569 9099

ES/ami

Reykjavík, 16. nóvember 1998

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 23. f.m., bárust þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, 114. mál, refsiábyrgð lögaðila.

Farið hefur verið yfir frumvarpið og eru ekki gerðar sérstakar athugasemdir við það af hálfu embættisins. Embættið telur að frumvarpið feli í sér réttarbót og mælir með lögfestingu þess. Löggjöf af því tagi sem hér um ræðir mun auðvelda réttarvörsluaðilum að koma fram refsiábyrgð í þeim tilvikum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hér er um raunhæf vandamál að ræða og má í því sambandi nefna tiltekin umferðarlagabrot, sem framin eru með notkun bifreiða í eigu lögaðila.

saksóknari

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.